



Grundarfjarðarbær

GJALDSKRÁ fyrir hunda- og kattahald í Grundarfirði

Gildir frá 1. janúar 2021

1. gr.

Af hundum og köttum í Grundarfjarðarbæ skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 1194/2011, sbr. 13. gr. og samþykktar um kattahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 368/2006, sbr. 10. gr.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisgjald 6.905 kr.

Bráðabirgðaleyfi 6.905 kr.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund 16.595 kr.

Sama ár og hundur er skráður skal innheimta eftirlitsgjald hlutfallslega m.v. þann mánuð sem hundur er skráður, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald.

4. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði skal vera 6.298 kr.

5. gr.

Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkisgjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins. Greiðsla vegna ormahreinsunar og ábyrgðartryggingar er innifalin í eftirlitsgjaldi.

6. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, 15.141 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

Við hverja afhendingu handsamaðs óskráðs kattar ber að innheimta gjald, 15.141 kr. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Öll gjöld samkvæmd gjaldskrá þessari reiknast upp árlega miðað við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 472,2 stig í desember 2019.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

8. gr.

Undanþegnir eftirlitsgjaldi eru hundar sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu eftirlitsgjalds. Heimilt er að ógilda niðurfellingu eftirlitsgjalds sé viðkomandi hundur ekki lengur notaður til löggæslu- eða björgunarstarfa samkvæmt skilgreiningu þessari.

9. gr.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald af hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er sett samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011 og samþykkt um kattahald í Grundarfirði nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. janúar 2021. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár sama efnis nr. 1397/2018 og 1398/2018.

Grundarfirði, 10. desember 2020

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri